

Áform um breytingar á námsmatshluta aðalnámskrár grunnskóla

Mennta- og barnamálaráðherra hefur greint frá því að aðalnámskrá grunnskóla verði breytt þannig að námsmat verði sett fram með tölum en ekki bókstöfum. Töluvarðinn verði lagður til grundvallar í öllum lokaeinkunnum og verði skyldubundinn við lok 4., 7. og 10. bekkjar. Breytingin endurspeglar þá miklu og mikilvægu umræðu sem átt hefur sér stað um námsmat í grunnskólum og þess álitafnis hvort núverandi einkunnakerfi þjóni börnum, foreldrum og skólum nægilega vel. Mikilvægt sé að nemendur og foreldrar sjái betur til hvers er ætlast, hver staðan er og hvar tækifæri eru til framfara. Þessi umræða hefur meðal annars komið skýrt fram hjá börnum sjálfum, m.a. á Barnaþingi í nóvember 2025.

Kjarni málsins er einfaldur: Námsmat á að vera skýrt, skiljanlegt og gagnlegt. Börn eiga að vita hvar þau standa, foreldrar eiga að geta áttað sig á stöðu barna sinna og kennarar eiga að hafa verkfæri sem styðja við nám og framfarir. Þegar einkunnir eru settar fram með hætti sem margir upplifa sem óljósan eða torskilinn dregur það úr gagnsemi námsmatsins.

Núverandi einkunnakerfi við lok grunnskóla byggir á sex þrepa bókstafakvarða sem rekja má til endurskoðunar aðalnámskrár í kjölfar setningar laga um grunnskóla, nr. 91/2008. Bókstafakerfið hefur eingöngu verið skylt að nota í vitnisburði við útskrift úr grunnskóla. Megintilgangur þess var að tryggja betur innritun nemenda í framhaldsskóla á viðeigandi námsþrep. Matsviðmiðunum A, B og C, sem gefin eru við lok skyldunáms, var þannig ætlað að lýsa hæfni nemenda við lok grunnskóla á öllum námssviðum og vera leiðbeinandi um innritun þeirra í framhaldsskóla. Að öðru leyti hafa grunnskólar haft svigrúm til að nota matskerfi að eigin vali innan ramma gildandi aðalnámskrár. Það svigrúm hefur haft kosti, en jafnframt leitt til þess að foreldrar og nemendur geta upplifað námsmat sem misjafnt, óskýrt eða torvelt að bera saman milli skóla og skólastiga.

Árið 2021 birti ráðuneytið skýrslu um mat á innleiðingu aðalnámskrár grunnskóla. Þar kom meðal annars fram að innleiðing núgildandi aðalnámskrár hefði ekki tekist sem skyldi. Í kjölfarið var sett af stað vinna hjá Menntamálastofnun, nú Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, við úrbætur í samræmi við niðurstöður skýrslunnar. Sú vinna stendur enn yfir.

Markmið

1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki

Í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Flokks fólksins frá 21. desember 2024 kemur fram að hefja skuli sókn í menntamálum og bæta umhverfi nemenda og kennara.

Skýrara námsmat er liður í þeirri sókn. Það snýst um að gera skólakerfið gagnsærra, styðja betur við börn og auðvelda foreldrum að fylgjast með námi barna sinna.

2. Markmið sem stefnt er að með breytingu á aðalnámskrá grunnskóla

Markmiðið með fyrirhuguðum breytingum er að námsmat í grunnskólum verði skýrara, aðgengilegra og betur til þess fallið að styðja við nám og framfarir barna.

Með sameiginlegum tölukvarða er stefnt að því að skapa aukinn sameiginlegan skilning á stöðu nemenda, væntingum og námsframvindu. Slíkur skýrleiki getur styrkt samtal milli nemenda, foreldra og skóla og stuðlað að auknu trausti á námsmati í grunnskólum.

Leiðir

1. Ekkert aðhafst – hvaða afleiðingar hefði það?

Verði ekkert aðhafst verða engar breytingar gerðar á því námsmati sem nú er kveðið á um í aðalnámskrá grunnskóla. Núverandi bókstafakvarði yrði áfram notaður við lok grunnskóla.

Það myndi ekki svara því markmiði að námsmat verði einfaldara, gagnsærra og auðskiljanlegra fyrir börn og foreldra.

2. Önnur úrræði en breyting á aðalnámskrá grunnskóla sem metin hafa verið

Að mati ráðuneytisins nægja önnur úrræði ekki til að ná því markmiði sem stefnt er að. Leiðbeiningar, stuðningsefni eða þróunarverkefni geta stutt við framkvæmd, en breyta ekki þeim formlega ramma sem aðalnámskrá setur um námsmat.

Til að tryggja samræmdan, skýran og bindandi grundvöll fyrir einkunnagjöf í skyldunámi er nauðsynlegt að endurskoða námsmatshluta aðalnámskrár grunnskóla.

Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?

1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni

Áformað er að leggja fram drög að breytingum á aðalnámskrá grunnskóla þar sem skilgreindur verður tölukvarði í stað bókstafakvarða. Tölukvarðinn verði lagður til grundvallar í skyldunámi, allar lokaekunnir verði í tölum og tölur verði skyldubundnar við lok 4., 7. og 10. bekkjar.

Með þessari leið er stefnt að því að gera námsmat skýrara og auðskiljanlegra fyrir nemendur og foreldra, án þess að draga úr faglegu hlutverki kennara eða mikilvægi fjölbreyttra matsaðferða í skólastarfi líkt og nógildandi aðalnámskrá kveður á um. Námsmat á áfram að vera faglegt, leiðbeinandi og styðja við nám barna, en niðurstöður þess þurfa jafnframt að vera settar fram með hætti sem almenningur skilur.

Tölukvarði er almennt kunnuglegt form og getur auðveldað nemendum og foreldrum að átta sig á námsstöðu, framförum og væntingum. Með því að allar lokaekunnir verði í tölum og með samræmdum kvarða við lok 4., 7. og 10. bekkjar verður jafnframt til skýrari grunnur fyrir samtal heimilis og skóla um nám barnsins á mikilvægum áfangastöðum í skyldunámi.

2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott

Við útfærslu þessara áforma verða nógildandi kaflar aðalnámskrár grunnskóla um námsmat endurskoðaðir. Tölukvarði verði notaður þegar gefnar eru lokaeinkunnir og jafnframt verður kveðið á um skyldubundna notkun hans við lok 4., 7. og 10. bekkjar.

Samráð

1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar?

Helstu hagsmunaaðilar eru nemendur, foreldrar, kennarar, skólastjórnendur, sveitarfélög, kennaramenntunarstofnanir, rannsakendur, aðilar atvinnulífs og aðrir sem láta sig menntun og velferð barna varða.

2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta?

Nei.

3. Samráð sem þegar hefur farið fram

Mennta- og barnamálaráðuneytið hefur haldið vinnufundi með fulltrúum hluta hagsmunaaðila þar sem rætt hefur verið um fyrirkomulag námsmats, skýrleika einkunnagjafar og mögulegar breytingar á aðalnámskrá grunnskóla.

4. Fyrirhugað samráð

Ráðuneytið leggur áherslu á að breytingar á námsmati verði unnar í samtali við þá sem málið varðar. Áfram verður því haft víðtækt samráð við helstu hagsmunaaðila. Hugmyndin er skýr en hægt er að fara ólíkar leiðir í þeirri útfærslu hennar við breytingar á aðalnámskrá og kallað er eftir sjónarmiðlum varðandi það með hvaða hætti best er að útfæra hana án þess að aðalnámskrá verði raskað um of að öðru leyti.

Þegar drög að breytingum á aðalnámskrá liggja fyrir verða þau kynnt í Samráðsgátt stjórnvalda og óskað eftir umsögnum. Þar gefst nemendum, foreldrum, kennurum, skólastjórnendum, sveitarfélögum, fræðasamfélagi og öðrum áhugasömum kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri áður en uppfærð námskrá tekur gildi.